

manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desbrmán.

Nr. 21/1883.

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Björnssyni á

Fjeeggsstöðum.

Dómur:

Með eigin játningu hins ákærða, Kristjáns Björnssonar, og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hann snemma í októbermánuði f. á. hafi tekið þrjár kindur, gelda á og vętrgamlu kind, sem Jón Guðmundsson á Möðruvöllum átti, og dilk, sem Sigurður Jónasson á Bakkaseli átti, í búfjánhögum nálęgt Krossastaða á, rekið þær heim að Blómsturvöllum og slátrað þeim þar; hafi hann síðan látið Ólaf Jónsson á Blómsturvöllum fá slátrið af kindunum, en farið með krofín, mörinn og gærurnar inn á Akureyri og lagt það þar inn í búð. Sömułeidis er það sannað, að hinn ákærði hafi sama haust — í ógáti, eptir því sem hann ber fram, — dregið 2vetran sauð, sem síra Davið Guðmundsson á Hofi átti, í rjettum, og komið honum í rekstur, en á leiðinni sýktist sauðurinn og var skorinn, og hirti þá ákærði afurðirnar af honum, og lagði inn í búð á Akureyri sem sína eign.

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Eyjafjarðarsýslu 12. febr. þ. á., er hinn ákærði, sem er fæddur 19. maí 1848 og með aukarjettardómi 3. júlí 1869 er dæmdur í 4 króna sekt fyrir hvinnsku, fyrir þessi afbrot dæmdur eptir 231. gr. hegningarlaga sbr. 232. gr í 6 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða í iðgjöld hins stolna 22 krónur til Jóns Guðmundssonar á Möðruvöllum, 6 krónur til Sigurðar Jónssonar á Bakkaseli, og 10 krónur til Davíðs prófasts Guðmundssonar, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, en þeim dómi er af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Afbrot þau, sem hinn ákærði þannig hefur orðið sekur um, ber að heimfæra undir 231. og 250. gr. hegningarlaga, og virðist hegningin eptir þessum lagagreinum hæfilega metin 1 árs betrunarhússvinnu; ber því að breyta undirrjettardóminum þessu samkvæmt að því hegninguna snertir, en um iðgjöld hins stolna og málskostnað í hjerði ber að staðfesta tjeðan dóm; svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 krónur handa hvorum þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Kristján Björnsson, á að sæta 1 árs betrunarhússvinnu, en um iðgjöld hins stolna og málskostnað í hjerði á undirrjettar-



dómurinn að vera óraskaður. Svo borgi hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 krónur til hvors.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birting dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 32/1883.

Friðrik Stefánsson  
gegn  
Sveini Gunnarssyni.

#### Dómur:

Með því ekki hefur verið reynd sætt í máli því, sem hjer er áfrýjað, og dæmt er í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 4. október 1882, ber samkvæmt tilskipun 20. janúar 1797, 1. kap., 1, og lögum 17. marz 1882, 12. gr. að dæma landamerkjadóminn ómerkan og að vísa málinu frá landamerkjadóminum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera, og vístast málinu frá landamerkjadóminum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

